

Samkeppnisstofnun

Þriðjudagurinn 4. febrúar 2003

Ákvörðun til bráðabirgða nr. 1/2003

Erindi Iceland Express ehf. um misnotkun Greiðslumiðlunar hf. á markaðsráðandi stöðu

I.

Erindi Iceland Express

Samkeppnisstofnun barst erindi frá Andra Árnasyni hrl. f.h. Iceland Express ehf. með bréfi, dags. 16. janúar 2003. Í erindi félagsins er þess krafist að felldur verði úr gildi áskilnaður Greiðslumiðlunar hf. (hér eftir VISA) um að viðskiptabanki Iceland Express setji tryggingu f.h. fyrirtækisins vegna samstarfssamnings VISA og Iceland Express. Jafnframt er þess óskað að Samkeppnisstofnun taki án tafar bráðabirgðaákvörðun í málinu.

Í erindi Iceland Express er starfsemi fyrirtækisins lýst sem sölu á farmiðum í reglubundnu áætlunarflugi milli Íslands, Lundúna og Kaupmannahafnar. Félagið hafi hafið kynningu á starfsemi sinni þann 18. desember sl. en sala á farmiðum hófst þann 9. janúar sl. Fyrsta áætlunarflug Iceland Express verður farið þann 27. febrúar nk. Félagið skilgreinir sig sem fyrirtæki sem býður lágfargjöld í flugi. Þannig selji fyrirtækið í gegnum umboðssölu Reykjavík Express ehf., ferðaskrifstofur hérlendis og erlendis auk netsölu.

Iceland Express telur að VISA sé ráðandi fyrirtæki á markaði fyrir greiðslukortamiðlun hér á landi í skilningi 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Þannig hafi fyrirtækið 70–80% hlutdeild á þeim markaði. VISA hafi mikinn markaðsstyrk, sé fjárhagslega mjög öflugt og sé í eignatengslum við helstu bankastofnanir hér á landi.

Í erindi Iceland Express er samningaviðræðum fyrirtækisins við VISA jafnframt lýst. Þannig hafi forsvarsmenn Iceland Express átt fund með fulltrúum VISA sl. sumar. Þá voru lögð drög að samkomulagi um greiðslukortaviðskipti vegna sölu farmiða hjá Iceland Express. Á þessum tímamarki hafi ekki komið fram neinar kröfur um sértæka skilmála af hálfu VISA. Þegar komið var að lokaundirbúningi kynningar á starfsemi Iceland Express hafi hins vegar verið sett fram krafa af hálfu VISA um einhvers konar tryggingar áður en unnt yrði að ganga frá samstarfssamningi milli aðila. Ekki hafi komið fram sértækar kröfur eða forsendur af hálfu VISA í þessu tilliti. Þegar hefja átti

sölu farmiða í janúar 2003 hafi fulltrúar Iceland Express aftur farið á fund VISA til að ganga frá samstarfssamningi um debet- og kreditkortaviðskipti. Hafi það skilyrði þá verið sett fyrir undirritun staðlaðra almennra samstarfssamninga, að settar yrðu nægilegar tryggingar af hálfu viðskiptabanka Iceland Express. Ekki var skilgreint í hverju þær tryggingar ættu að felast. Þann 8. janúar, deginum áður en sala farmiða hófst hjá Iceland Express, hafi stjórnarformaður fyrirtækisins sent bréf til VISA þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvaða skilyrði eða kröfur VISA setti fyrir viðskiptum við Iceland Express. Í svari VISA kom fram að óskað væri eftir því að á hverjum tíma lægi fyrir hjá VISA nægjanleg trygging af hálfu viðskiptabanka Iceland Express. Ástæða þessa var sögð vera hugsanlegar bakfærslubeiðnir sem kynnu að lenda á VISA frá korthöfum, vegna þjónustu sem Iceland Express hafi verið greitt fyrir en ekki innt af hendi. Stjórnarformaður Iceland Express hafi því undirritað yfirlýsingu, með vísan til þess að sala farmiða ætti að hefjast daginn eftir, þess efnis að kreditfærslur í nafni fyrirtækisins og ráðstöfun þeirra fjármuna yrði háð samþykki VISA. Þann 9. janúar hafi, að kröfu VISA, svo verið undirritaður viðaukasamningur við samstarfssamninga VISA og Iceland Express þess efnis að VISA muni greiða andvirði kreditkortaviðskipta Iceland Express inn á reikning Iceland Express og að ráðstöfun þess reiknings verði alfarið í höndum VISA þar til viðskiptabanki Iceland Express hafi sett nægjanlegar tryggingar fyrir viðskiptunum.

Iceland Express telur að krafa VISA um sérstaka tryggingu feli í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þannig sé Iceland Express í fyrsta lagi gert að lúta ósanngjörnum viðskiptaskilmálum. Fyrirtækið telji sig fara að lögum í starfsemi sinni og að starfsemi fyrirtækisins uppfylli allar kröfur sem gerðar séu til hennar af hálfu opinberra aðila. Jafnframt sé starfsemin í samræmi við almenna og góða viðskiptahætti. Samkvæmt venju séu farseðlar greiddir fyrir áætlaða brottför. Verð farseðlanna er jafnframt háð því hvenær kaupendur greiða fyrir þá. Þannig geta farþegar notið ódýrari verðlagningar, eftir því hversu snemma gengið er frá pöntun. VISA hafi gert kröfu til Iceland Express um hæfilegar tryggingar án þess að rökstyðja slíkt nánar. Að mati Iceland Express séu slíkir skilmálar ósanngjarnir.

Í öðru lagi telur Iceland Express að fyrirtækinu sé mismunað í samskonar viðskiptum. Þannig viti félagið ekki til þess að keppinauti félagsins, Flugleiðum hf., sé gert að lúta sambærilegum skilmálum af hálfu VISA. Þannig séu jafnframt margir aðilar á ýmsum sviðum verslunar og þjónustu sem einnig fá samninga sína greidda fyrirfram. Þeim sé ekki gert að undirrita svipaða skilmála hjá VISA og Iceland Express hafi verið knúið til að gera. VISA hafi ekki sýnt fram á að krafa um sértæka tryggingu, eins og Iceland Express sé gert að lúta, eigi sér stoð í almennum viðskiptaskilmálum VISA. Þvert á móti geri staðlaðir skilmálar VISA ráð fyrir að VISA taki ekki ábyrgð á ágreiningi milli söluaðila og korthafa vegna vöru eða þjónustu sem greidd hefur verið með greiðslukorti fyrirtækisins. Þannig beri VISA ekki ábyrgð á efnidum samninga milli Iceland Express og korthafa. Iceland Express greiði tiltekna þóknun til VISA. Krafan

um sérstaka tryggingu sé umfram þóknunina og nái því til að tryggja einhliða ákvörðun VISA um að bæta viðskiptavinum hugsanlegt tjón sem viðskiptavinur kann að verða fyrir í viðskiptum við samstarfsaðila VISA, í þessu tilviki Iceland Express.

Í erindinu er að lokum bent á að áskilnaður VISA um umráðarétt yfir greiðslukortareikningi Iceland Express sé fyrirtækinu íþyngjandi og valdi fjártjóni. Jafnframt skerði áskilnaðurinn samkeppnisstöðu Iceland Express gagnvart Flugleiðum og bent er á viðskiptatengsl VISA og Flugleiða á sviði greiðslukortaviðskipta.

Með erindi Iceland Express fylgdu samskipti og samningar fyrirtækisins við VISA.

II. Umsögn VISA

Erindi Iceland Express var sent VISA til umsagnar með bréfi, dags. 17. janúar 2003. Þann 27. janúar s.á. barst bréf frá LOGOS lögmannsþjónustu, f.h. VISA. Í umsögn fyrirtækisins kemur fram að VISA telur sig vera ráðandi á markaði fyrir greiðslukortaviðskipti. VISA beri því þær sérstöku skyldur sem hvíla á markaðsráðandi fyrirtækjum samkvæmt samkeppnislögum. VISA telur sig þó í raun ekki lengur vera í viðskiptum við Iceland Express þar sem flestar greiðslukortafærslur fari, eftir 21. janúar sl., um kerfi hins danska greiðslukortafyrirtækis PBS. Hafnar VISA því að fyrirtækið hafi, með áskilnaði um að viðskiptabanki Iceland Express setti tryggingu fyrir greiðslukortaviðskiptum fyrirtækisins, misnotað markaðsráðandi stöðu sína skv. 11. gr. samkeppnislaga. Því er einnig hafnað að nauðsynlegt sé að Samkeppnisstofnun taki bráðabirgðaákvörðun í málinu.

Röksemdir VISA eru einkum þær að fyrirtækið hafi, sem markaðsráðandi fyrirtæki, heimild til þess að athafna sig á markaðnum og verja viðskiptalega hagsmuni sína með sanngjörnum hætti. Samkeppnisráð og dómstólar hafi markað það viðmið í þessum efnunum að markaðsráðandi fyrirtæki verði að hafa hlutlæg eða málefnaleg sjónarmið að leiðarljósi við slíkar aðgerðir. Í þessu tilliti hafi samkeppnisráð og dómstólar staðfest rétt VISA til þess að synja aðila um viðskipti þegar VISA hefur talið of áhættusamt að eiga viðskipti við hann.

Í umsögninni segir jafnframt að ein ástæða þess að samið hafi verið við Iceland Express um frekari tryggingu sé að korthafar VISA geti hæglega orðið fyrir tjóni ef þjónusta eða vara, sem greitt hefur verið fyrir með korti, er ekki afhent þeim þrátt fyrir að greiðsla hafi borist viðkomandi söluaðila. Jafnvel þótt hinn almenni samstarfssamningur VISA við söluaðila feli ekki í sér skyldu til að bæta korthöfum slíkt tjón, beri VISA skylda samkvæmt samningum VISA International til þess að bæta tjónið. Þannig hafi VISA á undanförunum árum margoft þurft að bakfæra

greiðslukortafærslur vegna slíkra vanefnda, jafnvel þegar tjón hefur orðið vegna svika í viðskiptum. Ef VISA bætti ekki slíkt tjón sé augljóst að traust korthafa til VISA greiðslukorta sem öruggs greiðslumiðils myndi hverfa. Önnur ástæða þess að óskað hafi verið eftir frekari tryggingu hafi verið að hver greiðslukortafærsla hjá Iceland Express sé hlutfallslega há og að biðtími frá því að korthafi kaupir farseðil og þar til Iceland Express afhendir umsamda þjónustu sé langur. Einnig sé efni sammings Iceland Express við flugfélagið Astraæus óljóst og engin reynsla komin á rekstur Iceland Express. Þannig sé starfsemi þess óljós þar sem fyrirtækið sé ekki skilgreint sem ferðaskrifstofa, sbr. 13. gr. laga nr. 117/1994. Iceland Express þurfi því ekki að leggja fram tryggingar sem bæta eiga tjón komi til þess að ferðaskrifstofan verði gjaldþrota. Þar af leiðandi sé staða fyrirtækisins einstök og ólík öðrum söluaðilum sem VISA skiptir við.

Í umsögn VISA kemur einnig fram að fyrirtækið telji Iceland Express undirfjármagnað miðað við umfang og eðli rekstrarins. Viðskipti VISA við Iceland Express séu því mjög áhættusöm. Í stað þess að neita Iceland Express um viðskipti hafi VISA hins vegar farið þá leið að bjóða fyrirtækinu viðskipti með þeim fyrirvara að sett yrði fram bankatrygging fyrir tjóni sem VISA telur sig geta orðið fyrir vegna viðskiptanna. Fyrirtækið telur sig jafnframt hafa byggt aðgerðir sínar á málefnalegum og eðlilegum viðskiptalegum forsendum sem séu innan þeirra heimilda sem markaðsráðandi fyrirtæki hefur til að verja viðskiptalega hagsmuni sína.

Að lokum bendir VISA á að viðaukasamningur sá sem undirritaður var 9. janúar 2003 sé einungis tímabundin ráðstöfun þar til Iceland Express setur fullnægjandi bankatryggingu fyrir viðskiptunum. Það sé því alfarið í höndum Iceland Express að aflétta ákvæðum viðaukasamningsins. Ráðstöfunin sé ekki til frambúðar heldur sé tryggingunni ætlað að vera til staðar þar til ljóst þykir að Iceland Express sé komið á íslenskan flugrekstrarmarkað til framtíðar, reynsla komin á rekstur þess og rekstrargrundvöllur félagsins orðinn svo sterkur að það geti sjálft borið það tjón sem hugsanlega verður við það að flug á vegum þess séu ekki farin. VISA áréttar að flestar greiðslukortafærslur Iceland Express fari í gegnum fyrirtækið PBS í Danmörku en ekki VISA. Gildistími tryggingaráðstafana VISA sé því stuttur þar sem einungis þurfi að tryggja það sem greitt var fyrir á tímabilinu 9. janúar til og með 20. janúar sl.

III. Niðurstöður

Í máli þessu er því haldið fram að VISA hafi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með því að gera það að skilyrði fyrir gerð samstarfssamnings um kreditkortaviðskipti að Iceland Express leggi fram sérstaka tryggingu. Er þess krafist að áskilnaður um tryggingu verði felldur úr gildi og Samkeppnisstofnun grípi án tafar til aðgerða á grundvelli 8. gr. samkeppnislaga. Af hálfu VISA er á því byggt að fyrirtækið hafi ekki misnotað markaðsráðandi stöðu heldur hafi fyrirtækið með aðgerðum sínum í þessu máli verið að verja viðskiptahagsmuni sína á grundvelli hlutlægra og málefnaþgra sjónarmiða.

Í 2. mgr. 8. gr. samkeppnislaga kemur fram að Samkeppnisstofnun sé heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál. Í 4. gr. reglna nr. 922/2001 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda segir að Samkeppnisstofnun sé heimilt að taka slíkar ákvarðanir þegar sennilegt þykir að sú háttsemi sem til athugunar er fari gegn ákvæðum samkeppnislaga eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Jafnframt er það skilyrði skv. ákvæðinu að líklegt sé að bið eftir niðurstöðu samkeppnisráðs leiði til röskunar á samkeppni sem ekki verði afstýrt með endanlegri niðurstöðu ráðsins eða málið að öðru leyti þolir ekki bið. Taka verður afstöðu til þess í málinu hvort þessi skilyrði fyrir töku bráðabirgðaákvörðunar séu uppfyllt.

1.

Við mat á því hvort sennilegt sé að háttsemi VISA brjóti gegn 11. gr. samkeppnislaga verður fyrst að horfa til þess að ekki er ágreiningur um það í málinu að VISA er í markaðsráðandi stöðu á sviði kortaviðskipta hér á landi, sbr. einnig dóm Hæstaréttar nr. 112/2001 í máli Sigurðar Lárussonar gegn Greiðslumiðlun hf. Þarf því ekki að fjalla frekar um það atriði í málinu.

1.1.

Atvik málsins eru í aðalatriðum þau að Iceland Express hefur með samningi við breskan flugrekstraraðila hafið sölu á farmiðum í reglubundnu áætlunarflugi milli Íslands, Lundúna og Kaupmannahafnar. Flug á vegum fyrirtækisins hefst í lok febrúar nk. Farmiðar eru seldir á netinu og fyrirtækið Reykjavík Express ehf. selur flugmiða í umboðssölu fyrir Iceland Express. Reykjavík Express er í eigu Iceland Express og er handhafi ferðaskrifstofuleyfis. Þá annast innlendar og erlendar ferðaskrifstofur sölu á þessum farmiðum.

Að sögn Iceland Express voru lögð drög að samkomulagi við VISA um greiðslukortaviðskipti sl. sumar. Ekki hafi á þeim tíma komið fram neinar kröfur um sértæka skilmála af hálfu VISA. Þessari fullyrðingu er ekki mótmælt af hálfu VISA í málinu. Gögn málsins gefa til kynna að krafa um tryggingu hafi fyrst komið fram í

desember sl. en að sögn Iceland Express setti VISA ekki þá fram sértækar kröfur í því sambandi né gerði nánari grein fyrir forsendum slíkrar kröfu um tryggingar. Þessari fullyrðingu er heldur ekki mótmælt af hálfu VISA. Þann 8. janúar sl. sendi Iceland Express bréf til VISA og óskaði eftir því að VISA myndi upplýsa hvaða kröfur/skilyrði fyrirtækið setji fyrir debet- og kreditkortaviðskiptum fyrirtækisins. Jafnframt segir í bréfinu: „Í því sambandi vísast til þeirra skilmála sem þú gafst upp í símtali í ofangreindu samtali og komu þar fyrst fram“. Umrætt samtal mun skv. bréfinu hafa farið fram að morgni 8. janúar sl. VISA svaraði þessu bréfi samdægurs og í svari fyrirtækisins segir m.a.:

„Á síðustu dögum hafa farið fram viðræður á milli fulltrúa fyrirtækjanna um þessi mál. Þar hefur verið útskýrt fyrir fulltrúum yðar hvaða áhætta felst í þessum viðskiptum fyrir VISA Ísland.

Sú ósk hefur verið sett fram af okkar hálfu, að til að geta gengið frá slíkum samningi þurfi á hverjum tíma að liggja fyrir hjá VISA nægjanleg trygging af hálfu viðskiptabanka yðar. Það er gert vegna hugsanlegra bakfærslukrafna sem kynnu að lenda á VISA Íslandi frá korthöfum, vegna þjónustu sem yður hefði verið greitt fyrir en ekki innt af hendi.“

Þann 9. janúar sl. var undirritaður af VISA og Iceland Express sérstakur viðaukasamningur við almennan staðlaðan samstarfssamning VISA um greiðslukortaviðskipti. Í viðaukasamningnum kemur fram að VISA muni greiða andvirði kreditkortaviðskipta Iceland Express inn á tiltekinn bankareikning „enda verði ráðstöfun hans alfarið í höndum VISA ÍSLANDS þar til fyrirtækinu (Visa) hafa verið settar nægjanlegar tryggingar af viðskiptabanka Iceland Express ...“. Daginn áður eða 8. janúar hafði stjórnarformaður Iceland Express gefið út yfirlýsingu þar sem fyrirtækið samþykkti þessa ráðstöfun á andvirði kreditkortaviðskiptanna en sala á farniðum fyrirtækisins hófst 9. janúar 2003.

1.2.

Í 11. gr. samkeppnislaga er eins og áður segir lagt bann við misnotkun fyrirtækis á markaðsráðandi stöðu sinni. Ákvæðið er byggt á 54. gr. EES-samningsins og er því ljóst að við skýringu ákvæðisins verður að hafa hliðsjón af EES-samkeppnisrétti. Ummæli í lögskýringargögnum leiða til sömu niðurstöðu. Ákvæðið hljóðar svo:

„Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð.

Misnotkun skv. 1. mgr. getur m.a. falist í því að:

- a. beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir,*
- b. settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns,*

c. viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,
d. sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.“

Í samkeppnisrétti hvílir rík skylda á markaðsráðandi fyrirtækjum að grípa ekki til neinna ráðstafana sem raskað geta með óeðlilegum hætti þeirri samkeppni sem ríkir á markaðnum eða misbeita með öðrum hætti stöðu sinni, sbr. m.a. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 40/2001, *Erindi FÍH og Japis ehf. vegna samninga Skífunnar hf. og Aðfanga ehf. um sölu á geisladiskum*.¹ Sökum efnahagslegs styrks markaðsráðandi fyrirtækja geta tilteknað aðgerðir slíkra fyrirtækja haft skaðleg áhrif á samkeppni og hagsmuni viðskiptavina og neytenda. Hafa verður í huga að brot á 11. gr. er ekki háð því að sýnt sé fram á að viðkomandi aðgerð markaðsráðandi fyrirtækis hafi í raun haft áhrif á samkeppni. Það er nægjanlegt að aðgerðin sé líkleg til að hafa umrædd áhrif.²

Af gögnum málsins má ráða að höfuðástæða þess að VISA krefst umræddrar tryggingar er að fyrirtækið telur hættu á því að Iceland Express muni ekki inna af hendi þá þjónustu sem korthafar hafi þegar greitt fyrir. VISA sé skuldbundið að bæta korthöfum slíkt tjón og því sé hættu á því að VISA verði fyrir tjóni. Ljóst er að ýmsir söluaðilar selja þjónustu eða vöru sem greidd er af korthöfum áður en þeir fá viðkomandi þjónustu eða vöru afhenta. Í því sambandi nægir að benda á að keppinautar Iceland Express í flugrekstri, selja farmiða sem greiddir eru af korthöfum áður en flug fer fram. Hið sama gildir um ferðaskrifstofur sem selja í umboðssölu farmiða í áætlunarflug. Upplýst er í málinu að VISA krefst ekki samskonar tryggingar af þessum aðilum og fyrirtækið krefst af Iceland Express. Þó að Samkeppnisstofnun hafi gengið eftir því við VISA hefur fyrirtækið ekki nefnt nokkurt dæmi þess að áður hafi verið gerður áskilnaður um bankatryggingu eða annars konar tryggingu hjá viðsemjendum VISA. Að mati Samkeppnisstofnunar blasir það því við að Iceland Express er af hálfu VISA mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum VISA við önnur fyrirtæki. Við mat á því hvort að sennilegt sé að þessi háttsemi VISA fari gegn 11. gr. samkeppnislaga verður að meta hvort einhverjar hlutlægar og málefnalegar ástæður hafi réttlætt þessa mismunun.

Upplýst er í málinu af hálfu VISA að hinn almenni samstarfssamningur fyrirtækisins við söluaðila felur ekki í sér skuldbindingu fyrir VISA að bæta korthöfum tjón sem þeir verða fyrir ef söluaðili afhendir ekki vöru eða þjónustu sem greitt hefur verið fyrir. Í samningnum er þannig að finna ákvæði sem kveður á um að VISA taki ekki að sér milligöngu eða ábyrgð vegna neins konar ágreinings sem kann að rísa milli söluaðila og korthafa vegna vöru eða þjónustu sem greidd hafi verið með VISA

¹ Sjá einnig t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 322/81 *Michelin v. Commission* [1983] ECR 3461.

² Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 6-7/73 *Commercial Solvents v. Commission* [1974] ECR 223.

kortum. Í viðskiptaskilmálum VISA við korthafa er heldur ekki að finna ákvæði sem skylda fyrirtækið að bæta korthöfum tjón af þessum toga heldur er þar einnig tekið fram að korthafi sé ábyrgur fyrir öllum úttektum sem kort hans hafi verið notað til með þeim undantekningum sem felast í villum, bilunum og glötuðum kortum. Á heimasíðu VISA eða í kynningarefni fyrirtækisins er heldur ekki að finna loforð um að bæta korthöfum tjón af þessum toga. Að sögn VISA byggir þessi skylda á samningum VISA International. Hefur VISA látið í té afrit úr „Visa International Operating Regulations“ þar sem þessi skylda er sögð koma fram. Samkvæmt reglunum, sem eru á ensku, mun sn. bakfærsla (e. chargeback) af reikningi korthafa fara fram ef söluaðili lætur ekki í té vöru eða þjónustu. Eru að því er virðist sett ýmis skilyrði og tilteknir frestir sem gilda gagnvart korthöfum. Tilgangur þessara reglna er sagður vera að vernda það traust sem korthafar bera til Visa kreditkorta. Samkvæmt þessu liggur fyrir að VISA er ekki skuldbundið beint gagnvart korthöfum að þessu leyti heldur byggir þetta á innri reglum VISA International sem hafa þann tilgang að vernda viðskiptahagsmuni VISA fyrirtækja. Samkeppnisstofnun er ekki kunnugt um að korthöfum séu kynntar þessar reglur og er reyndar tekið fram á þeim gögnum sem VISA hefur látið í té að um trúnaðarmál sé að ræða. Að mati Samkeppnisstofnunar er staða og gildi þessara reglna gagnvart íslenskum korthöfum óljós. Hvað sem því líður er ljóst að reglur þessar sem slíkar geta ekki falið í sér réttlætningu fyrir sértækum kröfum um tryggingar gagnvart Iceland Express.

Í greinargerð sinni færir VISA ýmis rök fyrir þeirri ákvörðun að krefja Iceland Express um tryggingar. Er bent á að fyrirtækið hafi margoft á undanförunum árum þurft að endurgreiða korthöfum vegna tjóns sem þeir hafi orðið fyrir vegna svika eða gjaldþrota söluaðila. Er í því sambandi vísað til tiltekinna viðskipta með húsgögn á árinu 1991, gjaldþrots ferðaskrifstofu á árinu 1992 og til viðskipta með hálsbindi á árinu 1993. Eins og áður sagði hefur VISA ekki krafist trygginga af öðrum söluaðilum sem eru í eðlislíkum viðskiptum og Iceland Express. Ekkert í málflutningi VISA styður það að aukin hættu sé á því að Iceland Express lendi í rekstrarerfiðleikum umfram það sem almennt má búast við í atvinnustarfsemi hér á landi. Í því sambandi dugar ekki að benda á gömul gjaldþrotamál í ferðaþjónustu hér á landi. Gjaldþrot og rekstrarörðugleikar eru staðreynd í nær öllum tegundum atvinnustarfsemi hér á landi. Þrátt fyrir það krefst VISA ekki sértækra trygginga af öðrum fyrirtækjum. Að mati Samkeppnisstofnunar er ómálefnalegt af hálfu VISA að benda í þessu samhengi á hættu á svikum þar sem ekkert í málatilbúnaði fyrirtækisins eða gögnum málsins bendir til annars en að rekstur Iceland Express sé að öllu leyti lögmætur.

Í greinargerð VISA segir að það sé forsenda fyrir niðurfellingu trygginga að Iceland Express „hyggist endurgreiða flugfarseðla þeirra sem lenda í því að flug, sem greidd hafa verið, verði ekki farin. Eins og áður segir, eru yfirlýsingar fyrirsvarsmanns Iceland Express ehf. um það að slíkir flugfarseðlar verði ekki endurgreiddir, ekki til þess fallnir að auka traust á félaginu, auk þess sem slík hegðun er ekki í samræmi við

skyldur félagsins samkvæmt íslenskum lögum.“ Ekki fæst séð í gögnum málsins að fyrirtækið muni ekki endurgreiða flugmiða ef flug fellur niður. Þvert á móti kemur skýrt fram í skilmálum og reglum Iceland Express, sem birtar eru á heimasíðu félagsins, að farþegar sem þess óska fá endurgreiðslu ef flug fellur niður. Verður því að telja að þessi forsenda VISA sé ekki á rökum reist.

VISA byggir einnig á því að Iceland Express sé ekki skilgreint sem ferðaskrifstofa sem þarf skv. ákvæðum 13. gr. laga nr. 117/1994 að leggja fram tryggingar sem bæta eiga viðskiptavinum tjón komi til þess að ferðaskrifstofan verði gjaldþrota. Tekur VISA fram að ef Iceland Express hefði tryggingar af þessum toga hefði það mikil áhrif á áhættumat fyrirtækisins á því að vera í viðskiptum við Iceland Express. Samkeppnisstofnun bendir hér á að ákvæði 13. og 14. gr. laga nr. 117/1994 um tryggingar taka einungis til alferða og þegar ferðaskrifstofa selur farmiða í leiguflugi. Tryggingaskylda þessi tekur ekki til þeirra sem selja ferðir í áætlunarflug t.d. með Flugleiðum. Augljóst er að flug á vegum Iceland Express telst til reglubundins áætlunarflugs, sbr. m.a. 1. gr. reglugerðar nr. 20/1985 um flug loftfara í millilandaflugi um íslenska lofthelgi.³ Af þessu leiðir að þeim sem selja farmiða í áætlunarflug hér á landi er ekki skylt að lögum að leggja fram tryggingar af þessum toga. Samt sem áður gerir VISA í raun kröfu um slíka tryggingu gagnvart Iceland Express. Fæst því ekki séð að sjónarmið VISA að þessu leyti séu málefnaleg eða sanngjörn.

Í greinargerð VISA segir að þegar aðili óski eftir því að komast í viðskipti fari fram áhættumat á starfsemi hans og ráði það mat m.a. því hversu háa þóknun fyrirtækið tekur fyrir viðskiptin. Þetta þýðir að VISA áskilur sér hærri þóknun eftir því hvernig fyrirtækið metur áhættu tiltekinna viðskipta. Fram hefur komið að Iceland Express greiðir [...]% þóknun til VISA sem er hærri þóknun en flugfélög og ferðaskrifstofur greiða almennt til fyrirtækisins skv. þjónustutöxtum söluaðila VISA 1999. VISA hefur því nú þegar með umsaminni þóknun tekið tillit til þeirrar áhættu sem fyrirtækið telur að felist í viðskiptum við Iceland Express. Ekkert hefur komið fram í málinu sem réttlætir að VISA beiti gagnvart Iceland Express annarri og meira íþyngjandi aðferð til að tryggja hagsmuni sína.

Þegar allt framangreint er virt telur Samkeppnisstofnun sennilegt að VISA hafi misnotað markaðsráðandi stöðu og brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með því að krefja Iceland Express um umrædda tryggingu. Af þessu leiðir einnig að nefndur viðaukasamningur, sem gerður var að kröfu VISA fer einnig gegn 11. gr. laganna.

Gögn málsins gefa til kynna að VISA hafi ekki í viðræðum við Iceland Express sl. sumar greint frá því að fyrirtækið myndi krefjast tryggingar. Sú krafa hafi fyrst komið

³ Sjá einnig skilgreiningu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á áætlunarflugi: IACO Doc 7272-C/841 (1959).

upp í lok sl. árs. Jafnframt bendir allt til þess að VISA hafi aldrei skilgreint með fullnægjandi hætti í hverju slík trygging ætti að vera fólgin heldur einungis krafist „nægjanlegrar tryggingar“. Ekki fæst séð að VISA hafi unnið sérstakt áhættumat eða hlutlæga greiningu á Iceland Express til að rökstyðja hinar sérstöku kröfur gagnvart fyrirtækinu, a.m.k. hefur ekkert slíkt gagn verið lagt fram. Notkun greiðslukorta er mikil í viðskiptum hér á landi og staða VISA á þeim markaði öflug. Sökum þessa verður að gera þá kröfu að vinnubrögð VISA hamli ekki samkeppnishæfni viðskiptavina fyrirtækisins. Að mati Samkeppnisstofnunar er sennilegt að vinnubrögð VISA í þessu máli fari einnig gegn 11. gr. samkeppnislaga.

2.

Eins og nefnt var er það einnig skilyrði fyrir töku bráðabirgðaákvörðunar að líklegt sé að bið eftir niðurstöðu samkeppnisráðs leiði til röskunar á samkeppni sem ekki verði afstýrt með endanlegri ákvörðun eða málið þoli ekki að öðru leyti bið. Í máli þessu verður að horfa til þess að Iceland Express er að hefja samkeppni á markaðnum fyrir áætlunarflug milli annars vegar Íslands og Danmerkur og hins vegar milli Íslands og Bretlands. Fyrir á þessum markaði eru Flugleiðir. Eins og fram hefur komið í eldri ákvörðunum samkeppnisráðs hafa Flugleiðir yfirburðastöðu í áætlunarflugi og á tengdum mörkuðum, sbr. t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/1997. Engar vísendingar eru um það að staða Flugleiða að þessu leyti hafi í grundvallaratriðum breyst að undanförmu. Ljóst er því að erfitt getur verið fyrir nýjan keppinaut að hasla sér völl á umræddum mörkuðum.

VISA er markaðsráðandi á sviði greiðslukortaviðskipta hér á landi. Greiðslukort eru algengur greiðslumáti við kaup á farmiðum, ekki síst á netinu. Telja verður að það skerði samkeppnisstöðu Iceland Express að hafa ekki fullan og hefðbundinn ráðstöfunarétt á andvirði greiðslukortaviðskipta sinna. Slík skerðing er til þess fallin að raska samkeppni, sérstaklega þegar nýr keppinautur er að hefja samkeppni á samþjöppuðum fákeppnismarkaði. Í ljósi þessa telur Samkeppnisstofnun líklegt að bið eftir niðurstöðu samkeppnisráðs myndi leiða til takmörkunar á samkeppni sem ekki verði afstýrt með endanlegri niðurstöðu ráðsins.

Af framangreindri umfjöllun leiðir að Samkeppnisstofnun telur skilyrði til að beita heimildum 2. mgr. 8. gr. samkeppnislaga með þeim hætti sem fram kemur í ákvörðunarorði.

III.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 tekur Samkeppnisstofnun eftirfarandi ákvörðun:

Þar sem VISA Ísland-Greiðslumiðlun hf. hefur í máli þessu ekki sett fram málefnaleg rök fyrir kröfu félagsins um að Iceland Express ehf. setji sérstaka tryggingu vegna kreditkortaviðskipta, eins og nánar er lýst í ákvörðun þessari, fer krafa félagsins á hendur Iceland Express ehf. gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. VISA Ísland-Greiðslumiðlun hf. hefur jafnframt brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með gerð viðaukasamnings við almenna samstarfssamninga nr. 21467 og 21464, dags. 9. janúar 2003. Nefndur viðaukasamningur er ógildur, sbr. 1. mgr. 49. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu.“